

# Reglur um styrkveitingar til verkefna sem felast í hreinsun á strandlengju Íslands

## 1. gr.

### Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um veitingu styrkja umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna verkefna sem felast í hreinsun strandlengju Íslands. Meginmarkmiðið með styrkveitingunum er að strandlengja Íslands verði hreinsuð með skipulegum hætti. Jafnframt er markmið að hreinsuðum ströndum verði haldið við, efla vitundarvakningu hjá almenningi um mikilvægi strandhreinsana og virkja áhugasama aðila til þátttöku í átaki um hreinsun strandlengjunnar.

Styrkinnir byggja á aðgerð 17 í aðgerðaráætlun umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins í plastmálefnum *Úr viðjum plastsins*.

## 2. gr.

### Styrkhæf verkefni, skilyrði og áherslur.

Styrkir eru veittir í verkefni sem felast í framkvæmd strandhreinsana og flutning á úrgangi sem safnast í hverri hreinsun til endurvinnslu. Veita þarf Umhverfisstofnun upplýsingar um framgang hvers verkefnis og það magn plasts og annars úrgangs sem hreinsað er.

Umsækjendur skulu vera lögaðilar, s.s. félagasamtök eða áhugamannafélög. Umsækjendur þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði til að teljast styrkhæfir:

- hafa nauðsynlega hæfni, þekkingu og reynslu til hreinsunar stranda á Íslandi.
- Hafa aðgang að mannauði, búnaði og tækníúrræði til að framkvæma verkefnið.
- Að fyrir liggi ákvörðun stjórnar félagsins um að taka þátt í verkefninu eða ákvörðun annars aðila sem heimild hefur til að skuldbinda félagið.
- Að ekki liggi fyrir ákvörðun félagsmanna um að slíta félagini eða höfðað hafi verið mál til slita á félagini, ekki hafi verið óskað gjaldþrotaskipta, leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða félagið sé í annarri sambærilegri stöðu.

## 3. gr.

### Auglýsingar.

Umhverfisstofnun auglýsir ár hvert eftir umsóknum um styrki á vef sínum.

Ráðherra getur ákveðið nánari áherslur við úthlutun styrkja en fram koma í reglum þessum. Skulu þær koma fram í auglýsingu Umhverfisstofnunar um styrki.

## 4. gr.

### Umsóknir.

Umsækjendur skulu sækja um styrki með rafrænum hætti. Umsókn skulu m.a. fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar:

- upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur, aðra þáttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru,
- nafn þess sem annast samskipti við ráðuneytið, netfang og símanúmer,
- nákvæm lýsing á verkefninu og markmiðum þess,

- d. ítarleg framkvæmdaáætlun, þar sem m.a. skulu koma fram upplýsingar um landsvæði sem stendur til að hreinsa, áætlaður fjöldi kílómetra og tímaáætlun.
- e. greinargóð fjárhagsáætlun, þar sem m.a. skulu koma fram sundurliðaðar upplýsingar um áætlaðan kostnað af verkefninu, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið, styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða sótt hefur verið um og hvert heildarframlag umsækjanda sjálfs er áætlað í verkefninu s.s. vinnuframlag
- f. staðfest gögn frá samstarfsaðilum um þátttöku sem og önnur gögn til stuðnings umsókn.
- g. Hafi umsækjandi áður hlotið styrk frá ráðuneytinu þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd þess verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn verði tekin til meðferðar.
- h. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

#### 5. gr.

##### *Styrkhæfi og mat á umsóknum.*

Umhverfisstofnun metur styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir hreinsun strandlengjunnar. Við mat á umsóknum skal umfang hreinsana með vísan til meginmarkmiðs skv. 1. gr. vega þyngst. Styrkjum skal almennt úthlutað til eins árs í senn.

Styrkur fyrir hreinsun tiltekins strandsvæðis verður eingöngu veittur í eitt skipti og því verður ekki um að ræða frekari styrkveitingar vegna hreinsunar á því tiltekna svæði í ljósi þess að markmiðið er að hreinsa alla strandlengjuna.

Auk skilyrða um styrkhæfi sem koma fram í 2. gr. verður við mat á umsóknum og ákvörðun úthlutunar m.a. tekið tillit til eftirtalinna sjónarmiða, eftir því sem við á:

- a. hvort og hversu vel verkefni falli að skilgreindum áherslum styrkveitinga eins og þær eru auglýstar hverju sinni,
- b. hvort markmið verkefnis séu skýr og raunhæf, hvernig markmiðum sem að er stefnt verði náð og hvernig árangur verkefnis verði metinn,
- c. hvort verkefnið sé byggt á faglegum grunni,
- d. eigið framlag umsækjanda eða annarra til verkefnis,
- e. upplýsingar um samstarfsaðila og hagnýti verkefnis.

Við mat á umsóknum er Umhverfisstofnun heimilt að leita umsagnar fagaðila gerist þess þörf.

Heimilt er að hafna að taka umsókn til umfjöllunar sem ekki berst innan tilskilins tímafrests, eru ekki á rafrænu formi eða skilað án umbeðinna fylgigagna.

Umsókn sem ekki uppfyllir að öðru leyti skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verður ekki tekin til greina.

#### 6. gr.

##### *Úthlutun og skilmálar.*

Heildarfjárhæð styrkja er samkvæmt heimild í fjárlögum hverju sinni. Umhverfisstofnun hefur umsjón með styrkveitingum og úthlutun styrkja. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar. Við ákvörðun um styrkveitingar skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða, sbr. reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra og 42. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Styrkþegi ábyrgist að styrk verði einungis varið til þess verkefnis sem getið er um í umsókn. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila greinargerð um framvindu verkefnisins og fjárhagsuppgjöri. Styrkþegi skal auk þess hlíta öðrum þeim skilmálum sem fram koma í reglum þessum eða eru sérstaklega tilgreindir í úthlutunarbréfi eða samningi.

Styrkjum er almennt úthlutað til eins árs í senn.

Ef verkefni er styrkt til lengri tíma en eins árs skal gerður um það samningur með fyrirvara um heildarfjárhæð styrkja samkvæmt ákvörðun fjárlaga hverju sinni.

Lokagreiðsla styrkfjár kemur að jafnaði ekki til greiðslu fyrr en við skil til ráðuneytisins á gögnum sem gerð er krafa um hverju sinni, svo sem greinargerð um framgang og lok verkefnis ásamt fjárhagsuppgjöri.

Ráðuneytið birtir nöfn styrkþega á vef sínum.

#### 7. gr.

##### *Upplýsingagjöf og skýrslur.*

Styrkþega er skylt að tilkynna Umhverfisstofnun tafarlaust ef upp koma aðstæður sem seinka verkefninu eða koma í veg fyrir að markmiðum eða skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt.

Styrkþega ber ávallt að verða við beiðni Umhverfisstofnunar um upplýsingar um stöðu verkefnisins og láta því í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið, þar á meðal bókhaldsgögn.

Styrkþegi skal senda Umhverfisstofnun greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess innan 60 daga frá því verkefninu lýkur.

Ljúki verkefni ekki á því ári sem styrkurinn er veittur, skal Umhverfisstofnun upplýsa um stöðu verkefnisins fyrir árslok.

Styrkþegi skal varðveita öll gögn verkefnisins, þ.m.t. bókhaldsgögn, í a.m.k. sjö ár og hafa þau tiltæk sé þess óskað af hálfu Ríkisendurskoðunar.

#### 8. gr.

##### *Kynningarefni tengt verkefni.*

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það sé styrkt af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

#### 9. gr.

##### *Endurkröfuréttur ráðuneytisins.*

Ef styrknum eða hluta hans er varið í annað en það verkefni sem tilgreint er í umsókn eða ef skilmálar skv. 7. gr. og 8. gr. eru ekki uppfylltir teljast forsendur styrkveitingar brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi endurgreiða ónýttan styrk innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör verkefnis liggur fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið ónýttan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Styrkjum er almennt úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi styrkinn ekki innan árs frá úthlutun fellur hann niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans á því ári. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Þegar samningur um styrk er felldur niður vegna vanefnda eða þegar samningur um styrkveitingu er ekki gerður þá fellur sú úthlutun niður. Það sama gildir þegar styrkhafi er krafinn um endurgreiðslu þegar greidds styrks.

#### 10. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, *18. september 2024*